

Sparisjóður Suður-Pingeyinga ses.

Ársreikningur

2024



Sparisjóður Suður-Pingeyinga ses.

Kjarna

650 Laugar

kt. 530990-2149

Sparisjóður Suður-Pingeyinga ses.

Ársreikningur

2024



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-32

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins nam hagnaður 178,6 millj. kr., samanborið við 204,7 millj. kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins 14.671 millj. kr. og hafa aukist um 11,84% á árinu. Bókfært eigið fé í lok tímabils er 1.496 millj. kr.. Eiginfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var í lok árs 25,89%. Samkvæmt ákvörðun Seðlabankans á eiginfjárhlutfall sjóðsins að vera að lágmarki 19,40% eftir endurmat eða 18,90% að viðbættum 0,5% stjórnendaauka sem ákvarðaður er af stjórn sjóðsins.

Útlán hækkuðu á tímabilinu um 14,80% en innlán hækkuðu um 11,64%, hluti útlána tengist útgáfu stuðningslána sem er hluti af aðgerðum ríkissjóðs til að stuðla að áframhaldandi starfsemi fyrirtækja sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna Covid. Útgefin stuðningslán í lok árs eru að fjárhæð 79 millj. króna.

Stjórn sjóðsins leggur til 4,75% hækkun á nafnverði stofnfjár til samræmis við hækkun á vísitölu neysluverðs og að vegna góðrar afkomu verði greiddur 5% arður af stofnfé á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024. Um frekari ráðstöfun hagnaðar á tímabilinu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreiknings.

Helstu rekstraráherslur á árinu 2024 og framtíðarhorfur

Ársverðbólga dróst saman á árinu úr 6,7% í janúar niður í 4,8% í lok árs. Á seinni hluta ársins hóf Seðlabankinn stýrivaxtalækkunarferli og lækkuðu stýrivextir úr 9,25% í 8,5% í lok árs. Hátt vaxta- og verðbólguþingastig hefur leitt til nokkuð mikilla breytinga á lánasafni sjóðsins þar sem meirihluti nýrra lána hafa verið verðtryggt og einhverjir þurft að endurfjármagna lán sín með verðtryggtum lánnum. Verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir hafa aukist um rúman 1,5 milljarð og eru í árslok 1,8 milljarðar. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir lækkanði verðbólgu og væntanlega munu vextir halda áfram að lækka í kjölfarið. Þær breytingar munu að öllum líkum leiða til lægri vaxtamunar hjá sjóðnum sem hann er í góðu ástandi til að mæta. Ef vaxtastig heldur áfram að lækka má síðan búast við að munur verðtryggðra eigna og skulda muni minnka. Þrátt fyrir hátt vaxtastig og verðbólgu sem hefur verið vel umfram markmið Seðlabanka hefur sjóðurinn ekki séð miklar breytingar á vanskilum og því er afskriftarþörf lítil.

Sem fyrr eru laun og upplýsingatækni þeir liðir sem vega þyngst í rekstri sjóðsins. Launakostnaður hefur hækkað á árinu um 7,2% sem skýrist að hluta til af lögbundnum hækkunum launa, afmælisgreiðslur ársins voru umfram það sem var 2023 og samsetning starfsfólks ekki alveg sambærileg milli ára. Upplýsingatæknikostnaður hækkaði um 6,6% sem er nokkuð umfram almenna verðlagshækkun. Hækkunina má rekja að hluta til gjaldskrárhækkana birgja en ný verkefni hafa einnig leitt til aukins rekstrarkostnaðar og má þar helst nefna smáforrit (App), einingar tengdar erlendum viðskiptum sem viðbætur við afgreiðslu og heimabankakerfi, sjálfvirknivæðing lánaafgreiðslu, sjálfs afgreiðslulausnir í umsóknum, áreiðanleikakönnunum og samskiptum o.fl.. Aðgengi gagna og meðhöndlun þeirra gerir sjóðnum kleift að bæta ákvörðunartöku og innri ferla í þeim tilgangi að draga úr áhættum, geta uppfyllt kröfur eftirlitsaðila og geta veitt áframhaldandi samkeppni á fjármálamarkaði.

Fækkun afgreiðslustaða hefur gefið sjóðnum tækifæri á að endurskipuleggja innri ferla hjá sér sem eiga að auka gæði þjónustu og gera honum kleift að standa undir enn frekari aukningu krafna eftirlitsaðila. Á síðasta ári gerði eftirlitið athugun á fylgni sjóðsins við reglur um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Endanleg niðurstaða hennar liggur ekki enn fyrir en ljóst er að það þarf að leggja í aukna vinnu í tengslum við niðurstöðu eftirlitsins. Einnig liggur fyrir að á árinu 2025 mun eftirlitið gera úttekt á færslugreiningarkerfum sjóðsins vegna erlendra viðskipta, gera kröfu um endurmat á eiginfjárkröfum og vinnu vegna krafna og sjálfbærni. Viðbót vegna fyrri reglna um útreikning á eiginfjárþörf mun einnig taka gildi í sumar sem leiða mun til verulegra breytinga á útreikningum kröfunnar.

Öryggismál eru í fyrirrúmi og er unnið áfram í samstarfi fjármálafyrirtækja að því að gæta og bæta öryggi á fjármálamarkaði.

Skýrsla stjórnar

Í 65. grein laga um fjármálafyrirtæki númer 161/2002 eru heimildir til samstarfs sparisjóða er lúta að innra starfi s.s. rekstri upplýsingafyrirtækja, öryggisefirliti, vörubrúun, greiðslumiðlun og fræðslu. Samstarf þetta fer fram á vettvangi Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP) en sú eining heyrir undir sjálfstæða stjórn.

Horfur sjóðsins eru ágætar þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að erfitt geti reynst að halda uppi sambærilegum vaxtamun. Sjóðurinn hefur verið að endurskoða verðskrá sína þar sem breytingar hafa ekki verið gerðar frá árinu 2021. Ekki er gert ráð fyrir mikilli tekjuaukningu vegna þessa þó að hún verði einhver. Stækkun og bætt samsetning eigna og skulda eru þeir liðir sem sjóðurinn mun horfa til auk áframhaldandi vinnu við hagræðingu þar sem henni er við komið.

Stjórnarhættir

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga starfar í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og samþykktir sjóðsins. Hún hefur staðfest stjórnarháttayfirlýsingu vegna ársins 2024, en yfirlýsingin byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í júlí 2021 (6. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðsins milli aðalfunda. Hlutverk stjórnar er nánar tilgreint í reglum um störf stjórnar og sparisjóðsstjóra sem finna má á heimasíðu sparisjóðsins www.spthin.is.

Þar kemur fram að meginhlutverk stjórnar sparisjóðsins eru:

- Að bera ábyrgð á rekstri sparisjóðsins.
- Að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið í rekstri.
- Að stuðla að rekstrarhæfi hans og hafa eftirlit með stjórnendum hans.
- Að gæta hagsmuna stofnfjáraðila og stuðla að uppbyggingu og uppvexti á sínu starfssvæði.
- Að setja sér starfsreglur og leggja mat á eigin störf.

Hjá sparisjóðnum starfar endurskoðunar- og áhættunefnd. Hlutverk hennar er m.a. að leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga til að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinganna og störf endurskoðenda. Nefndin skal einnig sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn sparisjóðsins m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja sjóðsins.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga telur góða stjórnarhætti vera forsendu trausta samskipta stofnfjáraðila, stjórnar, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila en stjórnarháttum er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu sem finna má á heimasíðu sparisjóðsins www.spthin.is.

Álit og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2024, rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningur og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga samþykktur af stjórn á stjórnarfundi 19. mars 2025 og staðfestur með rafrænni undirritun.

Laugar 19. mars 2025

Í stjórn

- Margrét Hólm Valsdóttir, formaður
- Eiríkur Haukur Hauksson, varaformaður
- Andri Björgvin Arnþórsson
- Elísabet Gunnarsdóttir
- Sigríður Jóhannesdóttir

Sparisjóðsstjóri

- Örn Arnar Óskarsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjárhafa Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Við staðfestum að álit okkar á ársreikning sjóðsins er í samræmi við upplýsingagjöf okkar til endurskoðunarnefndar sjóðsins samanber 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Sparisjóði Suður-Þingeyinga í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Sparisjóði Suður-Þingeyinga neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðningartími endurskoðenda

Enor ehf. var upphaflega kosið sem endurskoðunarfyrtæki Sparisjóðs Suður-Þingeyinga á aðalfundi sjóðsins þann 17. apríl 2018 og hefur verið staðfest sem endurskoðarfyrtæki sjóðsins á aðalfundum sjóðsins frá þeim tíma.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á víðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Lýsing á lykilþáttum

Mat á virðisrýrnun útlána

Staða útlána til viðskiptavina sjóðsins skv. efnahagsreikningi nam í árslok 2024 kr. 10.611,3 millj. Afskriftarreikningur útlána stóð í kr. 176,0 millj. í árslok 2024 sem er um 1,6% af heildarstöðu útlána.

Mat á virðisrýrnun útlána er lykilþáttur í endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins og er þar horft til stærðar liðarins í efnahag sjóðsins og þess að hann er háður óvissu og mati stjórnenda.

Gerð er grein fyrir reikningsskilaaðferðum tengdum útlánunum í skýringum 2,4 og 2,7 í ársreikningi og niðurstöðum mats stjórnenda í skýringu 12.

Endurskoðun á lykilþáttum

Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána og þær reikningsskilaaðferðir og mat sem stjórnendur hafa beitt. Vinna okkar hefur meðal annars falið í sér:

- Mat á eftirlitsþáttum í útlánaferli sjóðsins.
- Gagnaendurskoðun á útlánunum, vanskilum og virði trygginga.
- Mat á niðurfærsluþörf útlána og útreikningum sjóðsins.
- Yfirferð á framsetningu og skýringum tengdum útlánunum í ársreikningi sjóðsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir öðrum upplýsingum sem sjóðurinn birtir með ársreikningi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreind eru kaflanum um álit hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. ófjárhagslegar upplýsingar, stjórnarháttaryfirlýsing og skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Við staðfestum því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þessara gagna og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sparisjóðsstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og sparisjóðsstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Ef við á skulu stjórn og sparisjóðsstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og sparisjóðsstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi aðgerðir:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðra endurskoðenda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sparisjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru taldir lykilþættir í endurskoðuninni. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur komi í veg fyrir að við upplýsum um þá, eða í undantekningartilfellum þegar við metum að ekki skuli upplýsa um slíkan lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu upplýsinganna.

Akureyri, 19. mars 2025

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Níels Guðmundsson

lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Vaxtatekjur		1.307.119	1.256.000
Vaxtagjöld		(717.588)	(673.008)
Hreinar vaxtatekjur	4	589.531	582.992
Þjónustutekjur		70.245	68.667
Þjónustugjöld		(39.266)	(34.365)
Hreinar þjónustutekjur	5	30.979	34.302
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum og fjárskuldum	6	26	4.607
Gengismunur		1.116	713
Aðrar rekstrartekjur	7	4.988	6.865
		6.130	12.184
Hreinar rekstrartekjur		626.639	629.479
Laun og launatengd gjöld	8	(157.392)	(146.788)
Annar rekstrarkostnaður	9	(215.236)	(185.015)
Afskriftir rekstrarfjármuna	14	(29.761)	(26.586)
		(402.389)	(358.388)
Hagnaður fyrir afskriftir útlána		224.249	271.090
Framlag í afskriftarreikning útlána	12	2.222	(16.335)
Hagnaður fyrir skatta		226.471	254.755
Tekjuskattur	10	(47.832)	(50.036)
Hagnaður ársins		178.640	204.720

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka Íslands		2.902.436	2.756.922
Kröfur á lánastofnanir		39.346	75.197
Útlán og kröfur	12	10.611.284	9.244.526
Skuldabréf	13	877.950	837.949
Hlutabréf	13	16.151	16.151
Óefnislegar eignir	14	56.989	48.474
Rekstrarfjármunir	14	134.814	87.689
Aðrar eignir	15	31.648	50.690
Eignir samtals		<u>14.670.618</u>	<u>13.117.597</u>
Skuldir			
Almenn innlán	16	12.839.071	11.500.142
Víkjandi lán	17	69.067	64.389
Tekjuskattsskuldbinding	10	15.663	13.881
Aðrar skuldir	18	251.135	242.605
Skuldir samtals		<u>13.174.936</u>	<u>11.821.017</u>
Eigið fé			
Stofnfé	19		
Stofnfé	24	289.246	259.877
Endurmat fastafjármuna		66.050	38.757
Varasjóður		1.140.386	997.945
Eigið fé samtals		<u>1.495.681</u>	<u>1.296.580</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>14.670.618</u>	<u>13.117.597</u>

Eiginfjáryfirlit

	Stofnfé	Varasjóður	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 2024				
Eigið fé 1. janúar 2024	259.877	997.945	38.757	1.296.580
Endurmat stofnfjár	20.790	(20.790)		0
Greiddur arður		(16.901)		(16.901)
Endurmat fastafjármuna			28.785	28.785
Upplausn endurmats		1.492	(1.492)	0
Innlausn stofnfjár	(439)			(439)
Nýtt stofnfé	9.018			9.018
Hagnaður tímabilsins		178.640		178.640
Eigið fé 31.12.2024	289.246	1.140.386	66.050	1.495.681
Breytingar á eigin fé 2023				
Eigið fé 1. janúar 2023	233.966	823.181	39.921	1.097.068
Endurmat stofnfjár	21.759	(21.759)		0
Greiddur arður		(9.360)		(9.360)
Upplausn endurmats		1.163	(1.163)	0
Innlausn stofnfjár	(2.409)			(2.409)
Nýtt stofnfé	6.562			6.562
Hagnaður ársins		204.720		204.720
Eigið fé 31.12.2023	259.877	997.945	38.757	1.296.580

Sjóðstreymisýfirlit 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		178.640	204.720
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur	4	(589.531)	(582.992)
Víkjandi lán, breyting		4.677	4.772
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		(5.414)	(1.379)
Virðisrýrnun/(aukning) útlána	12	(2.222)	16.335
Afskrift rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	14	29.761	26.586
		<u>(384.088)</u>	<u>(331.958)</u>
Útlán og kröfur, breyting		(1.225.749)	(4.100)
Skuldabréf breyting		(40.001)	(60.583)
Aðrar eignir, breyting		19.042	(26.072)
Innlán, breyting		1.162.493	253.898
Aðrar skuldir, breyting		8.531	104.776
		<u>(459.772)</u>	<u>(64.038)</u>
Innheimtir vextir		1.168.331	1.101.368
Greiddir vextir		(541.153)	(392.587)
Handbært fé frá rekstri		<u>167.406</u>	<u>644.743</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir		(14.461)	(15.768)
Keyptur hugbúnaður	14	(34.960)	(10.071)
Keypt ríkisskuldbréf		0	(204.949)
		<u>(49.421)</u>	<u>(230.788)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður af stofnfé		(16.901)	(9.360)
Nýtt stofnfé		9.018	6.562
Innleyst stofnfé		(439)	(2.409)
		<u>(8.323)</u>	<u>(5.208)</u>
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		109.663	408.747
Handbært fé í byrjun árs		2.832.119	2.423.372
Handbært fé í lok árs		<u>2.941.782</u>	<u>2.832.119</u>

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóður Suður-Þingeyinga, varð til 10. maí 1990 með sameiningu Sparisjóðs Aðaldæla, Sparisjóðs Reykdæla og Sparisjóðs Kinnunga. Síðar sameinaðist Sparisjóður Mývetninga sjóðnum. Hann er með heimilisfesti á Íslandi og eru höfuðstöðvar hans í Kjarna á Laugum í Þingeyjarsveit.

Sparisjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki og stundar sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnar fjáreignir hafa verið metnar á gangvirði. Þær eignir sem um ræðir eru markaðsskuldabréf. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill sparisjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

2.1 Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og síðari tímabil ef hún hefur áhrif á þau tímabil.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 3.

2.2 Tekjur og gjöld

a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

b) Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem hann fær greitt fyrir. Þóknarir vegna þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil er dreift eftir því sem þjónustan er veitt.

2.2 Tekjur og gjöld (framhald)

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við þann dag sem arðgreiðsla er samþykkt.

d) Hreinar tekjur og gjöld af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum fela í sér hagnað og tap vegna sölu, innlausnar og breytinga í gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda.

e) Hreinar tekjur og gjöld af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur

Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning fela í sér hagnað og tap vegna sölu og breytinga í gangvirði fjáreigna sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

f) Rekstrargjöld

Til rekstrargjalda teljast laun og launatengd gjöld, afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna og annar kostnaður svo sem húsnæðis-, markaðs- og tölvukostnaður.

2.3 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabils. Gengismunur sem myndast við yfurfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

2.4 Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna sparisjóðsins er endurskodað á hverjum reikningsskiladegi til þess að ganga úr skugga um að eignin hafi ekki rýrnað að verðmæti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi einingar er hærra en endurheimtanlegt verðmæti hennar.

a) Virðisrýrnun útlána

Ef eitthvað bendir til virðisrýrnunar útlána er bókfært verð þeirra lækkað gegnum sérstakan afskriftareikning, til núvirtis endurheimtanlegs virðis, miðað við upphaflega vexti.

Ef virðisrýrnun gengur síðar til baka og slíkt má rekja til atburðar eftir að virðisrýrnun var færð, skal virðisrýrnun bakfærð að því marki sem hún er nú ofmetin með því að lækka afskriftareikning. Bakfærslan er færð í rekstrarreikning eins og upphaflega virðisrýrnunin.

Stjórnendur sparisjóðsins meta fyrst hvort merki um virðisrýrnun eru til staðar fyrir hverja einstaka fjáreign sem telst veruleg ein og sér. Lán og kröfur sem ekki falla í þann flokk eru metin sem hluti af safni sem er metið í heild sinni með tilliti til virðisrýrnunar. Við mat á slíku safni er gengið út frá því að lán séu í eðli sínu áþekk hvað varðar útlánaáhættu. Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun er skoðað hvort líklegt sé að vænt framtíðarsjóðstreymi lánasafnsins hafi orðið fyrir skerðingu og hvort hægt sé að meta rýrnunina án þess þó að eyrnamerkja hana ákveðnum lánum.

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnunartap, annars vegar á einstökum lánnum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

2.4 Virðisrýrnun (framhald)

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun innihalda sýnileg gögn um eftirfarandi tapaðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðuleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgun á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) Sparisjóðurinn veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í forni endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í safninu, þar á meðal;
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsástæður sem tengjast eignum sparisjóðsins.

Útlán metin hvert fyrir sig

Virðisrýrnun á einstökum útlánum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum lánnum er tillit tekið til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarupphæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindi á endurheimtu með árangri; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við endurheimtur útistandandi upphæða.

Virðisrýrnunartap er reiknað með því að bera saman núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti lánsins, við núverandi bókfært verð og fjárhæð taps sem er fært í rekstrarreikning. Bókfært verð virðisrýrðra lána er lækkað með notkun afskriftareiknings. Þegar lán er með breytilegum vöxtum, er ávöxtunarkrafa við mælingu á virðisrýrnunartapi núverandi virkir vextir lánsins.

Söfn útlána metin

Þar sem útlán hafa verði metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra lánaáhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem metið er með tilliti til virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna.
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig og raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.
- frestana greiðsluferla útlána í samanburði við sambærilegar fjárhæðir fyrri ára

Áætlaður tími milli taps og staðfestingar á því er ákvarðaður fyrir hvert tilgreint safn.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignahópum ættu að vera í samræmi við breytingar á sýnilegum gögnum á hverjum tíma (til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á safninu og stærð taps). Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega af sparisjóðnum til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

2.4 Virðisrýrnun (framhald)

Endanlegar afskriftir

Útlán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á að endurheimta fjárhæðirnar sem færðar eru út.

Víðsnúningur virðisrýrnunar

Ef virðisrýrnun lækkar síðar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var viðurkennd, þá er fyrri færsla á virðisrýrnun tekjufærð á rekstrarreikningi.

2.5 Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu tímabils samanstendur af skatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikninginn að undanskildum þeim tilfellum þegar hann tengist liðum sem skráðir eru beint á eigið fé, en þá er hann bókaður þar líka.

Skattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða af tekjuskattsskyldri afkomu tímabilsins, miðað við skattprósentur í gildi eða sem búið er að tilkynna um að verði í gildi á lokadagsetningu efnahagsreiknings, og allar breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestuð skattinneign og skattskuld hefur verið reiknuð og bókuð í efnahagsreikning. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn sjóðsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Reiknaðar skattinneignir og skattskuldbindingar eru einungis færðar til lækkunar hvor á annarri ef þær tengjast sköttum sem lagðir eru á af sömu skattyfirvöldum.

Bókfært verð reiknaðrar skattinneignar er yfirfarið á reikningsskiladegi og fært niður ef ekki eru lengur taldar líkur á að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni vera nægjanlegur til að nýta eignina að fullu leyti eða að hluta. Frestaðar skatteignir eru lækkaðar þannig að það er ekki lengur líklegt að tengdur skattur verði innleystur.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingarfélag. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum.

2.6 Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirliti um sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í fjármálafyrirtækjum, ríkisvixlar endurseljanlegir í fjármálafyrirtækjum og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

2.7 Útlán

Útlán og kröfur eru óafleiðutengdar fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Útlán og kröfur innifela lán sem sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, þátttöku í útlánum frá öðrum lánveitendum og yfirtekin lán sem eru ekki skráð á virkum markaði og sjóðurinn hefur engar áætlanir um að endurselja strax eða í náninni framtíð.

Útlán eru færð þegar lántakendum eru greiddir út fjármunir tengdir útláninu. Fjáreignir eru við upphaflega skráningu færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk viðskiptakostnaðar. Þau eru því næst færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna.

2.8 Fjáreignir metnar á gangvirði

Sparisjóðurinn tilgreinir fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum metnar á gangvirði.

2.9 Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila, tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

2.10 Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af eignarhaldinu hefur verið flutt frá sparisjóðnum.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af sammingsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

2.11 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

2.12 Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

a) Eignir í eigu sparisjóðsins

Rekstrarfjármunir utan fasteigna eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Fasteignir hafa verið endurmetnar m.v. markaðsverð.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður þegar hann fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

2.12 Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir (framhald)

b) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikninginn. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir.....	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld, hugbúnaður og tæki.....	5 ár
Bifreiðar	10 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega svo framarlega sem það er ekki óverulegt.

2.13 Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu eru eignir sem sparisjóðurinn hefur eignast vegna fullnustu á kröfum. Eignirnar eru í sölumæðferð og eru eignfærðar á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

2.14 Innlán

Innlán eru færð upphaflega á gangverði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

2.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á sparisjóðnum, og líklegt þykir að ústreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

2.16 Eigið fé

a) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn kostnaður, færð til lækkunar á eigin fé.

b) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi sparisjóðsins.

3. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningskilaaðferða

Sparisjóðurinn framkvæmir mat og beitar ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggjast á reynslu og öðrum þáttum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Útlánasafnið er endurskoðað reglulega til að meta virðisrýrnun. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðsstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkun verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðsstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðsstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á áætluðu tapi og raunverulegu tapi.

4. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	199.517	175.306
Lán og kröfur.....	1.055.162	1.011.577
Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum	52.440	69.117
Vaxtatekjur samtals	<u>1.307.119</u>	<u>1.256.000</u>
Innlán frá lánastofnunum.....	4.890	2.898
Víkjandi lán.....	7.861	7.781
Innlán.....	704.837	662.330
Vaxtagjöld samtals	<u>717.588</u>	<u>673.008</u>
Hreinar vaxtatekjur.....	<u>589.531</u>	<u>582.992</u>

5. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þjónustugjöld sundurliðast þannig:	2024	2023
Þóknun vegna útlána og innheimtu.....	11.213	14.050
Ábyrgðapóknun.....	533	1.957
Erlend viðskipti.....	1.181	412
Þóknun af kreditkortum.....	49.573	44.355
Þóknun af debetkortum.....	5.268	5.547
Aðrar þjónustutekjur.....	2.477	2.346
Þjónustutekjur samtals	<u>70.245</u>	<u>68.667</u>
Vildarpunktur kreditkorta.....	9.558	10.951
Kortagjöld	29.707	23.414
Þjónustugjöld samtals	<u>39.266</u>	<u>34.365</u>
Hreinar þjónustutekjur.....	<u>30.979</u>	<u>34.302</u>

6. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur

Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur greinist þannig:	2024	2023
Hreinar tekjur	26	4.607
Hreinar tekjur vegna fjáreigna gegnum rekstur samtals	<u>26</u>	<u>4.607</u>

7. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:	2024	2023
Umboðslaun.....	938	4.304
Tekjur af fasteignum.....	4.042	2.541
	<u>4.988</u>	<u>6.865</u>

8. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	122.862	113.841
Launatengd gjöld	34.530	32.946
	<u>157.392</u>	<u>146.788</u>

Laun og þóknanir til stjórnenda sparisjóðsins, auk stofnfjáreignar, greinast þannig:

	2024		2023	
	Laun og hlunnindi	Stofnfjárhlutir í lok tímabils	Laun og hlunnindi	Stofnfjárhlutir í lok tímabils
Sparisjóðsstjóri.....	25.743	0	23.268	0
Stjórnarformaður.....	2.796	334	2.680	226
Stjórnarmenn.....	8.226	206	6.893	4.154
	<u>36.765</u>	<u>540</u>	<u>32.841</u>	<u>4.380</u>

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:

	2024	2023
Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu.....	9,3	9,1
Stöðugildi í lok tímabils.....	9,7	8,7

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2024	2023
Tölvuþjónusta.....	109.328	102.557
Endurskoðunarkostnaður.....	12.528	12.991
Lögfræðiþjónusta.....	3.312	4.728
Önnur sérfræðiþjónusta.....	7.946	5.697
Markaðskostnaður.....	4.382	7.527
Styrkir og samfélagsverkefni.....	2.410	7.047
Samfélagsverkefni 5% af tekjum fyrir skatta frá fyrra ári.....	14.903	4.675
Póstur og sími.....	4.898	5.403
Gjöld vegna fullnustueigna.....	0	119
Gjöld til reksturs SÍSP.....	21.873	9.208
Eftirlitsgjöld.....	7.834	4.430
Rekstur fasteigna.....	10.396	9.257
Annar kostnaður.....	15.427	11.376
Önnur rekstrargjöld samtals	<u>215.236</u>	<u>185.015</u>

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

	2024	2023
Endurskoðun.....	5.593	5.377
Könnun árs- og árshlutareiknings.....	1.722	1.731
Innri endurskoðun.....	4.280	5.883
Önnur þóknun vegna endurskoðunarverkefna.....	933	966
Samtals þóknun til endurskoðenda.....	<u>12.528</u>	<u>13.957</u>

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á árs- og árshlutareikningum auk vinnu sem stjórn sparisjóðsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra.

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður í ársreikninginn. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 er áætlaður 53,2 milljónir.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	226.471		254.755	
Tekjuskattur af afkomu tímabilsins	47.559	21,0%	50.951	20,0%
Ófrádráttarþær kostnaður	4	0,0%	4	0,0%
Óskattskyldar tekjur	(3)	0,0%	(919)	-0,4%
Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfall	271	0,1%		0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	47.832	21,1%	50.036	19,6%

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	13.881	15.260
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabils.....	47.832	50.036
Tekjuskattur til greiðslu.....	(53.246)	(51.414)
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna.....	7.196	0
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding 31.12.2024	15.663	13.881

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	18.148	10.327
Óefnislegar eignir.....	2.684	3.667
Gengismunur.....	(125)	(113)
Áætlaður kostnaður.....	(5.044)	
Reiknuð skattinneign í lok tímabilsins.....	15.663	13.881

11. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Bankaskattur er ófrádráttarþær skattur sem lagður var á fjármálafyrirtæki fyrst skattaárið 2010. Skatturinn er reiknaður sem 0,376% af heildarskuldum umfram 50 milljarða og hefur því ekki áhrif á sjóðinn.

12. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur greinast þannig eftir útlánsformum:

	31.12.2024	31.12.2023
Yfirdráttarlán.....	1.057.489	904.469
Óverðtryggt skuldabréf.....	4.659.344	5.161.789
Verðtryggt skuldabréf.....	4.894.450	3.178.267
	10.611.284	9.244.526

Útgefin stuðningslán í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnar:

	31.12.2024	31.12.2023
Með 100% ríkisábyrgð.....	37.006	53.565
Með 85% ríkisábyrgð.....	42.369	42.074
	79.375	95.639

Um 69% af stuðningslánnum eru tengd ferðaþjónustufyrirtækjum en restin 31% tengd sjávarútvegi.

12. Útlán og kröfur (framhald)

Lán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

Atvinnugreinar:	31.12.2024	31.12.2023
Landbúnaður	3,2%	3,7%
Sjávarútvegur	2,1%	3,7%
Verslun	3,1%	2,6%
Ríkissjóður og sveitarfélög.....	0,0%	0,0%
Iðnaður og byggingarstarfsemi	5,4%	5,0%
Samgöngur og flutningar.....	0,2%	0,1%
Þjónustustarfsemi	8,0%	8,2%
Ferðaþjónusta.....	8,4%	8,5%
Einstaklingar og íbúðabyggingar	69,5%	68,2%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Breytingar á afskriftareikningi útlána og krafna greinast þannig:

	Sérstakur	Almennur	Samtals 31.12.2024	Samtals 31.12.2023
Afskriftareikningur í ársbyrjun	84.234	94.316	178.551	319.232
Virðisrýrnun útlána og krafna á árinu.....	(14.389)	12.167	(2.222)	16.335
Endanlega töpuð útlán og kröfur	0	(280)	(280)	(157.016)
Afskriftareikningur í lok tímabils	<u>69.845</u>	<u>106.203</u>	<u>176.049</u>	<u>178.551</u>

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af

útlánnum og veittum ábyrgðum.....	0,6%	1,0%	1,6%	1,8%
-----------------------------------	------	------	------	------

Líkan til útreiknings á almennu afskriftarframlagi var endurbætt á árinu 2020 með tilliti til lána sem eru í frestuðu greiðsluferli.

13. Fjáreignir

Skuldabréf

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum, metin á upphaflegri kaupkröfu.....	877.686	837.697
Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum, metin á gangvirkni.....	264	252
	<u>877.950</u>	<u>837.949</u>

Hlutabréf og stofnbréf

	31.12.2024	31.12.2023
Hlutabréf og stofnfjárlutir.....	16.151	16.151
	<u>16.151</u>	<u>16.151</u>

Hlutabréf sundurliðast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Grand hótél Mývatn ehf., Skútustaðahreppi.....	9,9%	13.700	3.350
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík.....	0,3%	3.298	3.298
Landsbankinn hf.....		489	489
Sparisjóður Höfðhverfinga ses.....	2,8%	9.014	9.014
Staða í lok tímabils.....		<u>26.501</u>	<u>16.151</u>

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig í lok árs 2024:

	Fasteignir og lóðir	Húsbúnaður og skrifstofuáhöld	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð og endurmat				
Staða í ársbyrjun	128.163	27.306	157.766	313.235
Eignfært á árinu	597	13.864	34.960	49.421
Endurmat á árinu	35.981	0	0	35.981
Staða í lok árs	164.741	41.171	192.726	398.637
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	41.118	26.662	109.292	177.072
Afskrift ársins	2.734	583	26.445	29.762
Staða í lok árs	43.852	27.245	135.737	206.834
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	87.044	645	48.474	136.163
Bókfært verð í lok árs	120.889	13.926	56.989	191.803
Afskriftarhlutföll	2%	10-20%	20%	
Bókfært verð fasteigna án endurmats				
Staða í ársbyrjun		38.289		
Staða í lok tímabils		37.035		

Þar sem markaðsverð fasteigna til eigin nota er talið verulega hærra en bókfært verð, er bókfært verð þeirra í ársreikningi hækkað og fært til samræmis við áætlað gangvirði. Gangvirði endurmetinna eigna byggir á 100% af áætluðu söliverði sem staðfest hefur verið af óháðum matsmönnum.

Fasteignamat húseigna í lok tímabils nam 80,9 milljónum króna. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 292,5 milljónum króna. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhaldna var 44,5 milljónir króna 31.12.2024.

15. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Óinnheimtar tekjur.....	8.054	3.599
Uppgjörsreikningar milli banka.....	23.593	47.091
	31.648	50.690

16. Almenn innlán

Innlán skiptast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Óbundin innlán.....	3.913.112	3.820.263
Bundin innlán.....	8.925.959	7.679.879
	12.839.071	11.500.142

17. Víkjandi lán

	31.12.2024	31.12.2023
Verðtryggt lán, vextir 4,7%, gjalddagi 3.des. 2027.....	69.067	64.389
	<u>69.067</u>	<u>64.389</u>

18. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	77.617	78.743
Ógreidd opinber gjöld.....	53.246	51.414
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	20.793	15.773
Aðrar skuldir.....	47.793	36.496
Uppgjörsreikningar milli banka.....	51.687	60.179
	<u>251.135</u>	<u>242.605</u>

19. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins 31.12.2024 nam 289,2 milljónum króna og er það í eigu 447 aðila. Heildar eigið fé í lok tímabils nam 1.495,7 milljónum króna. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 25,89% en má lægst vera 8%. Fjármálaeftirlitið hefur metið eiginfjárbörf sparisjóðsins samkvæmt svonefndu SREP ferli þann 8.11.2022 og er hún 12,40%.

Með tilkomu eiginfjárauka sem lagðir eru á fjármálastofnanir í landinu í áföngum frá 2016 skal eiginfjárlutfall sparisjóðsins vera eftirfarandi:

	1.1.2020	1.2.2020	18.3.2020	29.9.2022	8.11.2022	3.12.2024
Stoð 1 og 2 (SREP)	11,94%	11,94%	11,94%	11,94%	12,40%	12,40%
Verndunarauki	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%
Kerfisáhættuauki	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%	2,00%
Sveiflujöfnunarauki	2,00%	0,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Stjórnendaauki					0,50%	0,50%
Samanlögð krafa	19,44%	17,44%	19,44%	19,90%	20,40%	19,40%

Hluti eiginfjáraukanna tekur mið af þjóðfélagsaðstæðum og getur breyst með breyttum aðstæðum. Heildaraucar sem sjóðnum er ætlað að ná eru 6,5% sem skiptast þannig að 2% eru vegna kerfisáhættu og 2,5% vegna verndar. Sveiflujöfnunarauki sem var 2% var lækkaður tímabundið með ákvörðun Fjármálastöðuleikanefndar Seðlabanka 18. mars 2020 til 29.09.2022 þegar hann fór aftur í 2%. Einungis kerfisáhættuauki getur haft áhrif á rekstrarhæfi sjóðsins. Aðrir eiginfjáraucar geta haft áhrif til takmörkunar á ráðstöfun hagnaðar s.s. komið í veg fyrir arðgreiðslur eða annað sem rýrt getur eiginfjárstöðu sjóðsins. Á fundi stjórnar þann 17.11.2022 var síðan tekin ákvörðun um að leggja á 0,5% stjórnendaauka frá og með 01.03.2023.

19. Eigið fé (framhald)

Eiginfjárlutfall reiknast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé samkvæmt ársreikningi.....	1.495.681	1.296.580
Óefnislegar eignir	(31.816)	(40.430)
Víkjandi lán	41.440	51.512
Eign í fjármálafyrirtæki.....	(9.814)	(9.503)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>1.495.492</u>	<u>1.298.158</u>
Eiginfjáarkrafa vegna útlánaáhattu.....	373.631	332.199
Eiginfjáarkrafa vegna markaðsáhattu.....	745	4.130
Eiginfjáarkrafa vegna rekstraráhattu.....	87.696	75.782
Eiginfjáarkrafa samtals	<u>462.071</u>	<u>412.110</u>
Eiginfjárlutfall	25,89%	25,20%

Vogunarhlutfall

Fjármálafyrirtæki skal uppfylla kröfur um vogunarhlutfall skv. framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið, sem er birt á bls. 303 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 21. apríl 2022.

Vogunarhlutfall reiknast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé liður 1.....	1.454.052	1.246.647
Áhættuskuldbindingar:		
Liðir innan efnahags.....	13.743.747	12.562.057
Liðir utan efnahags.....	242.645	275.063
Heildar áhættuskuldbindingar	<u>13.986.392</u>	<u>12.837.120</u>
Vogunarhlutfall.....	10,40%	9,71%

20. Upplýsingar um tengda aðila

Sparisjóðurinn hefur skilgreint tengda aðila sem stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóra og forstöðumenn sparisjóðsins og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð ítök hjá stærstu stofnfjáraðilum sparisjóðsins. Útlán til tengdra aðila þann 31.12.2024 námu 77,9 milljónum króna en innlán 30,1 milljónum króna. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni.

21. Utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir á tékkareikninga. Nýttar yfirdráttarheimildir eru færðar í bækur sparisjóðsins en ónýttar heimildir og ábyrgðir greinast þannig.

	31.12.2024	31.12.2023
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	204.569	230.485
Ónýttar heimildir kreditkorta.....	99.598	186.197
Ónýttar yfirdráttarheimildir	281.158	259.581
	<u>585.325</u>	<u>676.263</u>

22. Áhættugreining

22.1 Áhættustýring

Tilgangur áhættustýringar er að stýra áhættu sparisjóðsins með sem skilvirkustum hætti og gera áhættustýringuna sem gagnsæjasta fyrir stjórnendur, allt frá stjórn til þeirra einstöku starfsmanna sem taka ákvörðun sem í er fólgin áhætta. Meginhlutverk áhættustýringar og útlánaeftirlits er því að greina áhættu sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru því grundvöllur áhættustýringar sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins ákveður meginstefnur hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri sparisjóðsins. Stjórnin setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjárahættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Fjárhæðir í þessum kafla eru sýndar að frádreginni varúðarfærslu.

22.2 Framkvæmd áhættustýringar

Stjórnendur sparisjóðsins hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu.

Ákvarðanataka byggist á skipulagi þar sem stjórn sparisjóðsins hefur falið aðilum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingar um áhættustöður eru reglulega kynntar fyrir stjórn sparisjóðsins.

22.3 Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahætta er hætta á tapi vegna þess að ekki er hægt að standa við skuldbindingar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjárahættu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sparisjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirséðum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Þetta felur meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildum og fjáreignum sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixlum og ríkisskuldabréfum.

Auk þess er fylgst með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjárhlutfall sem sendar eru reglulega til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Lausafjárhlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.

22.4 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir sparisjóðsins greinast þannig eftir gjalddögum án vaxta:

31.12.2024	Gjaldkræft 0-3 mán.	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóðir og innstæður.....	2.902.436				2.902.436
Kröfur á lánastofnanir.....	39.346				39.346
Útlán og kröfur	1.487.963	575.465	1.609.967	6.937.889	10.611.284
Skuldabréf.....	0		877.950		877.950
Hlutabréf.....	16.151				16.151
Aðrar fjáreignir.....	31.648				31.648
	<u>4.477.544</u>	<u>575.465</u>	<u>2.487.917</u>	<u>6.937.889</u>	<u>14.478.815</u>
Almenn innlán.....	9.627.596	1.195.345	723.131	1.292.999	12.839.071
Aðrar skuldir.....	251.135				251.135
Víkjandi lán			69.067		69.067
	<u>9.878.731</u>	<u>1.195.345</u>	<u>792.198</u>	<u>1.292.999</u>	<u>13.159.273</u>
Fjáreignir - fjárskuldir.....	(5.401.188)	(619.880)	1.695.719	5.644.890	1.319.542

22.4 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda (framhald)

31.12.2023	Gjaldkræft 0-3 mán.	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóðir og innstæður.....	2.756.922				2.756.922
Kröfur á lánastofnanir.....	75.197				75.197
Útlán og kröfur	1.241.409	410.572	1.548.434	6.044.111	9.244.526
Skuldabréf.....	0		837.949		837.949
Hlutabréf.....	16.151				16.151
Aðrar fjáreignir.....	50.690				50.690
	<u>4.140.369</u>	<u>410.572</u>	<u>2.386.383</u>	<u>6.044.111</u>	<u>12.981.435</u>
Almenn innlán.....	8.401.447	120	1.861.374	1.237.201	11.500.142
Aðrar skuldir.....	242.605				242.605
Víkjandi lán.....			64.389		64.389
	<u>8.644.052</u>	<u>120</u>	<u>1.925.763</u>	<u>1.237.201</u>	<u>11.807.136</u>
Fjáreignir - fjárskuldir.....	(4.503.683)	410.452	460.619	4.806.910	1.174.298

22.5 Eftirlit og stýring markaðsáætlu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáætlu í rekstrinum og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hefur sett. Markaðsáætlu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiðum.

22.6 Vaxtaáætla

Vaxtaáætla ræðst af mismun á vaxtakjörum innlána eða fjármögnunar annars vegar og útlánsvöxtum lánasafns hins vegar. Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma og eru endurreiknaðar á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum.

Breytilegir vextir eigna og skulda geta einnig valdið áhættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta, LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við stefnu stjórnar og áhættuviðmið.

Heildarfjárhæð útlána sem ber fasta vexti 31.12.2024 nam 115 millj. kr. (31.12.2023: 196 millj kr.). en skulda 69 millj. kr. (31.12.2023: 64 millj. kr.). Eign í verðtrygðum ríkisskuldabréfum með föstum vöxtum er 878 millj. kr..

22.7 Verðbólguáætla

Sparisjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu á Íslandi þar sem eignir tengdar neysluverðsvísitölu eru meiri en samsvarandi skuldir. Allar eignir og skuldir með verðtryggingarákvæðum eru færðar með áföllnum verðbótum á hverjum tíma og verðbætur færðar í rekstrarreikning.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam þann 31.12.2024 5.854 millj kr. (31.12.2023: 4.132 millj kr.) og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 3.982 millj kr. (31.12.2023: 3.885 millj kr.)

22.8 Gjaldeyrissáætla

Gjaldeyrissáætla er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stöðugt er fylgst með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í eignasafni sparisjóðsins. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrissáætlu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam þann 31.12.2024 50,9 millj kr. (31.12.2023: 80 millj kr.) og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam á sama tíma 50,2 millj. kr. (31.12.2023: 38 millj kr.)

22.9 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun rekstrarins, t.d. starfsmannamálum, tækni eða uppbyggingu sparisjóðsins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs- eða lausafjáráhætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstraráhætta stafar af allri starfsemi sparisjóðsins og snertir allar einingar í rekstrinum. Markmið sparisjóðsins er að finna jafnvægi milli þess að lágmarka áhættu og tap og hámarka arðsemi án þess að útiloka frumkvæði starfsmanna. Stjórnendur þróa og útfæra reglur fyrir rekstraráhættu innan hvernar einingar í takt við almenn áhættuviðmið sparisjóðsins.

22.10 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum. Núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Sparisjóðurinn er einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Stjórn sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu sparisjóðsins. Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir sparisjóðsstjóra en stjórn setur mörk heimilda annarra starfsmanna. Stjórnin afgreiðir lánamál umfram heimildir sparisjóðsstjóra. Stjórn og stjórnendur sparisjóðsins sjá um eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtum.

Útlánasafni sparisjóðsins er dreift milli skuldara, atvinnugreina og landsvæða. Útlánasafni sparisjóðsins er stýrt þannig að enginn einn skuldari eða fjárhagslega tengdur hópur skuldara sé með stærra hlutfall útlánasafnsins en áhættureglur segja til um.

Markmið sjóðsins eru að stórar áhættuskuldbindingar viðskiptavina fari ekki yfir 20% af eigin fé sparisjóðsins en hámarks áhættuskuldbinding einstaks viðskiptavinar eða tengdra aðila er 25% af eiginfjárþætti 1 skv. reglum um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Í lok tímabilsins var engin áhættuskuldbinding umfram 20%. Markmið sjóðsins er að heildarhlutfall stórra áhættuskuldbindinga fari ekki yfir 250% af eiginfjárþætti 1. Samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar má þetta hlutfall fara hæst í 400%.

Þann 31.12.2024 voru 2 viðskiptamenn sparisjóðsins skilgreindir sem stórar áhættuskuldbindingar (31.12.2023: 2 viðskiptamenn).

	Fjöldi	31.12.2024	31.12.2023
Stórar áhættuskuldbindingar umfram 20% af eiginfjárþætti 1.....	0	0	0
Stórar áhættuskuldbindingar á bilinu 10-20% af eiginfjárþætti 1.....	2	332.384	313.600
Samtals.....	2	332.384	313.600
Hlutfall af eiginfjárþætti 1.....		22,9%	25,2%

23. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samþykktum sjóðsins kemur fram að hlutverk hans sé að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar, starfsemi sem stendur vörð um og þróar atvinnulíf, mannlíf og velferð svæðisins. Af þessu má sjá að sjóðurinn leggur áherslu m.a. á umhverfis-, félags- og starfsmannamál til að gæta að velferð og mannlífi. Jafnframt er lögð mikil áhersla á að vörur og þjónusta hans sé ekki nýtt til peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, spillingar- eða mútumála með því að starfsmenn leggi sig fram um að þekkja sína viðskiptavinum, vera í persónulegum samskiptum við þá ásamt því að fylgja reglum sem þessi mál varða. Áreiðanleiki nýrra viðskiptavina er kannaður ásamt skoðun á stærri millifærslum eða afgreiðslum þar sem mikið magn lausafjár er notað. Áhætta af misnotkun er talin lítil þó að hún sé sannarlega til staðar. Viðskiptavinir eru m.a. kannaðir út frá stöðu þeirra í þjóðfélaginu, hvort þeir hafi hlotið dóma eða umfjöllun í fjölmiðlum sem gefið gæti til kynna að þeir séu í áhættuflokkum varðandi mútubægni, spillingu eða ólöglega starfsemi. Jafnframt þurfa viðskiptavinir að láta stofna nýja viðtakendur erlendra greiðslna í sjóðnum þannig að hægt er að kanna tilefni færsla áður en þær eru gerðar. Sjóðurinn hefur einnig sett sér siðareglur og stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum og sett upp tilkynningarferli undir nafnleynd fyrir starfsmenn vegna óæskilegra atvika eða hegðunar.

23.1 Um sjálfbærni sparisjóðsins

Sparisjóðurinn hefur sett sér heildarstefnu um sjálfbærni. Tilgangur þessarar stefnu er að skilgreina megináherslur hans um sjálfbærni, þ.e. í umhverfis- og félagslegum þáttum, um góða og vandaða stjórnarstjórnarhætti (UFS) og greina þau áhrif sem starfsemi hans getur haft á sitt nærumhverfi. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi. Heldur styðja við gildandi stefnur, reglur og leiðbeiningar sem sjóðurinn fylgir.

Sparisjóðurinn horfir til UFS leiðbeininga Nasdaq, Viðskiptaráðs Íslands og Festu – miðstöðvar um sjálfbærni. Hann mun koma til með að vinna í sjálfbærniuppjöri. Markmið sparisjóðsins er að reksturinn verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi hvað varðar ávöxtun, hagkvæmni og samfélagslega ábyrgð með áherslu á sjálfbærni.

Viðmið:

Umhverfisleg viðmið taka á því hvernig sjóðurinn mun vinna meðvitad í því að draga úr neikvæðum umhverfislegum áhrifum í starfseminni samhliða því að vinna að verkefnum í þágu umhverfisins.

Félagsleg viðmið fjalla um það hvernig hugað er að velferð og heilsu starfsfólks, stuðla að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi, leggja áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti ásamt því að styðja við sitt nær samfélag og huga að sínum hagaðilum.

Viðmið um góða stjórnarhætti taka á áherslum sjóðsins þegar kemur að því að viðhalda góðu viðskiptasiðferði, huga að innra eftirliti, almennum stjórnarháttum og huga að réttindum viðskiptavina.

Sparisjóðurinn hefur skilgreint lykilþætti fyrir daglegan rekstur sinn, sína hagaðila og samfélagið. Hann hefur valið fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að styðja við þá þætti:

- **Nr. 5 Jafnrétti kynjanna:** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og unnið markvisst að því að útrýma kynjabundnu mismæmi þar sem það mælist.
- **Nr. 8 Góð atvinna og hagvöxtur:** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- **Nr. 9 Nýsköpun og uppbygging:** Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri atvinnuuppbyggingu og hlúa að nýsköpun.
- **Nr. 10 Aukinn jöfnuður:** Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

Áherslur:

Umhverfisþættir

Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin hefur á umhverfið. Hann mun leitast við að varðveita auðlindir, draga úr úrgangi og endurvinna það sem hægt er. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á því að fylgja þessari stefnu og verður að leggja sig fram um að draga úr eigin umhverfisáhrifum m.a. með því að:

- Mæla beina og óbeina kolefnislosun þegar gögn til þess verða fánleg
- Stefna að birtingu umhverfisuppjörs samhliða fjárhagsuppjöri fyrir árið 2025
- Draga úr úrgangsmýndun og bæta flokkun
- Draga úr orkunotkun
- Hvetja starfsfólk til að velja vistvænar samgöngur til og frá vinnu
- Taka mið af umhverfis- og samfélagslegum sjónarmiðum við val á birgjum og innkaupum

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í umhverfismálum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu hans í sjálfbærnimálum.

Félagslegir þættir

Sparisjóðurinn leggur áherslu á að stuðla að velferð starfsfólks og að tryggja heilnæmt starfsumhverfi. Sparisjóðurinn leitast eftir því að veita viðskiptavinum sínum viðtæka og persónulega þjónustu sem lagar sig að þörfum hvers og eins. Sparisjóðurinn leggur upp úr því að viðskiptavinir fái ávallt það besta sem í boði er hverju sinni. Þarfir einstaklinga, fjölskyldna og minni fyrirtækja njóti sérstakrar athygli sem endurspeglar í þjónustuframboði og áherslum í þróun.

Innri hagaðilar

- Stuðla að heilsu og öryggi starfsfólks
 - Starfsfólki býðst að sækja um líkamsræktarstyrk árlega. Einnig getur starfsfólk sótt ýmis konar heilsuþættandi þjónustu í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja).
- Jafnrétti kynjanna og fjölbreytileiki
 - Sparisjóðurinn leggur ríka áherslu á jöfn laun óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, uppruna eða öðrum þáttum er geta á einhvern hátt mismunað fólki.
 - Sparisjóðurinn fagnar fjölbreytileika fólks sama hvort um ræðir starfsfólk eða samfélagið í heild.
- Þjálfun og færniþróun
 - Sparisjóðurinn mótar fræðsluáætlun fyrir hvert ár í þeim tilgangi að styðja við áframhaldandi þróun starfsfólks og stuðla að aukinni starfsánægju. Fræðsluáætlunin samanstendur af námskeiðum, fyrirlestrum, innri fræðslu, vinnustofum o.fl.. Áhersla er lögð á þætti sem skipta starfsemi sjóðsins höfuðmáli hverju sinni og að þeir uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem fjármálafyrirtæki. Dæmi um áherslur eru nýliðafræðsla, áhættustýring, þjónusta, upplýsingaöryggi o.fl..
 - Í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja) býðst starfsfólki að sækja um ýmsa menntatengda styrki s.s. háskólanám, endurmenntun og sjálfstyrkingu o.fl..
- Einelti og aðlögun:
 - Sparisjóðurinn hefur sett sér stefnu og aðgerðaáætlun gegn hvers konar einelti, áreitni og ofbeldi gegn starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum hagaðilum og mun tryggja að hún sé aðgengileg framangreindum aðilum.

Ytri hagaðilar

- Tengsl við samfélagið:
 - Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að styðja við nær samfélagið og samkvæmt 63. gr laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2022 skuli sparissjóðir ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs í samfélagsleg verkefni.
 - Sparisjóðurinn styður við nær samfélagið með fjárframlögum og samstarfi af ýmsu tagi í eftirfarandi málaflokkum:
 - Menning og listir
 - Menntun
 - Góðgerðar- og félagsstarf
 - Íþróttar- og æskulýðsstarf
- Viðskiptavinir:
 - Stuðla að auknu fjármálalæsi með fræðslu til viðskiptavina.
 - Fræða viðskiptavini um loftslags- og sjálfbærniáherslur í fjármálageiranum sem getur endurspeglar í bættum lánskjörum í framtíðinni.
 - Vera í virkum samskiptum við viðskiptavini varðandi þróun á vöru- og þjónustuframboði með tilliti til stafrænnar vegferðar sparissjóðsins.

Níu starfsmenn voru hjá sjóðnum í árslok 2024. Sjóðnum er því ekki skylt að fá jafnlaunastaðfestingu eða vottun. Sjóðurinn hefur það samt sem áður að markmiði að starfsfólki séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf.

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í mannauðsmálum, samskiptum við nærsamfélagið og mannréttindamálum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu sjóðsins í sjálfbærnimálum.

Megináhættur

Sparisjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu í sjálfbærni- og loftslagsmálum. Þar eru skilgreindar megináhættur í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Sparisjóðurinn hefur hafið vinnu við að skilgreina ákveðna þætti út frá áhættum með hliðsjón af UFS (Umhverfislegir-, félagslegirþættir og stjórnarhættir) viðmiðum sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur hans, hvort sem þau eru af fjárhagslegum eða ófjárhagslegum toga.

Dæmi um slíkar UFS áhættur eru eftirfarandi:

- Umhverfisþættir: loftslagsbreytingar (bæði raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta), hnignun vistkerfa, skerðing auðlinda, úrgangsmýndun og mengun
- Félagslegir þættir: slæm vinnuskilyrði (til að mynda þrælalald og barnaþrælkun), mismunun, og lýðheilsa
- Stjórnarhættir: fyrirtækjamenning (til að mynda fjölbreytileiki), viðskiptasiðferði (til að mynda mútubægni og spilling), dýravelferð, stjórnarhættir og upplýsingagjöf

Loftslagstengdar áhættur í tengslum við fjármál er gjarnan skipt í tvo meginflokkar samkvæmt Task Force on Climate-Related Financial Disclosure (TCFD):

- Umbreytingaráhætta (e. Transition risk) kemur til vegna aðgerða til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Slík áhætta vísar til fjárhagslegs taps sparisjóðsins, með beinum og óbeinum hætti, sem rekja má til verðlækkana, hækkandi orkukostnaðar eða innleiðingar á reglugerðum tengdum við sjálfbærni- og loftslagsmál.
- Raunlæg áhætta (e. Physical risk) sem stafar með beinum hætti af afleiðingum loftslagsbreytinga og leiðir til fjárhagslegs taps t.d. vegna flóða, aurskriða og annarra náttúrutengdra atburða.

UFS viðmið gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun hjá sparisjóðnum og sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd sparisjóðsins mun taka að sér að styðja við áframhaldandi innleiðingu UFS þátta í starfsemi hans með því að vinna með sparisjóðsstjóra við ákvarðanatöku og að tryggja að tekið sé tillit til UFS viðmiða þvert á starfseminna.

Sjálfbærni- og loftslagsáhættustefna sparisjóðsins tekur mið af áhættuþoli hans og áhættuvilja stjórnar til að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu hjá sjóðnum. Áhættuvilji skal því samræmast áhættumati sjóðsins og taka á helstu sjálfbærniáhættum.

Áreiðanleikakönnunarferli

Þær upplýsingar sem fram koma í ófjárhagslegum upplýsingum koma frá sparisjóðnum. Stjórn sjóðsins fer yfir og samþykkir ófjárhagslegar upplýsingar auk þess sem ytri endurskoðandi yfirfer þær með tilliti til hvort þær innihaldi þau atriði sem þær eiga að innihalda skv. gr. 66. d. í lögum um ársreikninga. Ytri endurskoðandi staðfestir ekki áreiðanleika upplýsinganna.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Þann 1. júní 2023 tóku í gildi á Íslandi lög sem innleiða framseldar reglugerðir Evrópusambandsins um flokkunarkerfi fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Er reglunum ætlað að ýta frekar undir sjálfbærar fjárfestingar. Gildissvið laganna sem innleiða flokkunarkerfið nær yfir flest þau félög sem veita eiga ófjárhagslegar upplýsingar skv. 66. gr. d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fellur því sparisjóðurinn þar undir.

Samkvæmt reglugerðinni eiga fjármálfyrirtæki að veita upplýsingar um hlutfall grænna eigna (e. green asset ratio, GAR) og sýna þannig hlutfall eigna sinna sem fjármagna atvinnustarfsemi sem er í samræmi við flokkunarkerfið (e. alinged). Gert er ráð fyrir að upplýsingar um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi séu sóttar beint frá viðskiptavinum. Þar sem upplýsingar skv. reglugerðinni eru nú birtar í fyrsta skipti liggja upplýsingar viðskiptavina ekki enn fyrir.

Flokkunarreglugerðin tekur einnig til lána til heimila og skiptast í lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, lána til endurnýjunar bygginga og lán vegna kaupa vélknúinna ökutækja. Til að húsnæði geti talist umhverfislega sjálfbært skv. reglugerðinni þurfa að liggja fyrir upplýsingar um orkunýtingu en krafa um slíkt er ekki gerð um húsnæði á Íslandi. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um það húsnæði sem sparisjóðurinn hefur lánað fyrir. Upplýsingar um vélknúin ökutæki sem uppfylla reglur til að teljast umhverfislega sjálfbær og lánað hefur verið fyrir liggja ekki fyrir.

Vegna ofangreinds getur sparisjóðurinn ekki birt upplýsingar um hlutfall grænna eigna sinna að svo stöddu.

Lágmarksverndarráðstafanir

Skv. flokkunarkerfinu eiga félög að veita upplýsingar um lágmarksverndarráðstafanir er snúa að mannréttindum, skattamálum, samkeppnismálum og aðgerðum gegn mútum og spillingu. Sparisjóðurinn hefur skoðað hvernig hann stendur gagnvart þessum lágmarksviðmiðum og ljóst er að hann uppfyllir þau ekki að öllu leiti en mun vinna áfram að því á árinu 2025.

Sjóðurinn hefur ekki metið hvort mannréttindi séu virt í virðisdeðju sinni né innleitt verklag um áhrif starfseminnar á mannréttindi í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og viðmið OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki .

Sparisjóðurinn eða stjórnendur hans hafa ekki gerst brotleg við löggjöf eða reglur er snúa að mannréttindum, sköttum, samkeppnismálum, mútum eða spillingu.

24. Stofnfé

Stofnfé sparisjóðsins 31.12.2024 nam 289,2 milljónum króna í eigu 447 aðila og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum stofnfjárhlut. Eftirfarandi aðilar áttu meira en 1% stofnfjár og eru allir með íslenskt ríkisfang:

KEA svf.....	9,64%
Jóhann Geirsson.....	3,08%
Norðurþing.....	2,83%
Þingeyjarsveit.....	2,52%
Sigtryggur Vagnsson.....	2,41%
Brynleifur Siglaugsson.....	2,06%
Skrjóður ehf.....	2,05%
Knútur Þórhallsson.....	1,71%
Framsýn.....	1,60%
Bergþóra Kristjánsdóttir.....	1,47%
Ernuhorn ehf.....	1,47%
Þróstur Jón Sigurðsson.....	1,44%
Ari Teitsson.....	1,43%
Reynihlíð hf.....	1,43%
Jaká ehf.....	1,41%
Trausti Jón Gunnarsson.....	1,39%
Gylfi Hrafnkell Yngvason.....	1,29%
Pétur Bjarni Gíslason.....	1,27%
Jón Ríkharð Kristjánsson.....	1,12%
Tjörneshreppur.....	1,04%
Þormóður Ásvaldsson.....	1,04%
Búvís ehf.....	1,10%
Aðrir.....	55,20%
	<hr/>
	100,00%

25. Aðrar skuldbindingar

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki ber sparisjóðum að ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu. Hagnaður sparisjóðsins fyrir skatta á tímabilinu nam 178,6 milljónum. kr. og ber því að veita að lágmarki 8,9 millj. kr. til slíkra verkefna. Sparisjóðurinn ráðstafaði 2,4 millj. kr. í þessi verkefni á tímabilinu. Samþykktur var styrkur upp á 11 milljónir á aðalfundi 2024 en hann er að mestu ógreiddur um áramót.

Sérgreindir styrkir:

Nemendafélag Framhaldsskólans á Laugum v. Tónkvíslar.....	550,00
Völsungur blakdeild.....	350,00
Mývatnsstofa.....	300,00
Klofklettur gosloka hátíð.....	250,00
HSP	110,00
Skákfélagið goðinn.....	100,00
Aðrir ósundurliðaðir styrkir.....	749,95
Styrkir samtals.....	<u>2.409,95</u>

Samþykki ársreiknings

26.


Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 19. mars 2025.

 Fullgild rafræn undirskrift

ÖRN ARNAR ÓSKARSSON

2025-03-26 15:04:55 GMT

Ástæða: Undirskrift

 Qualified Electronic Signature

SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR

2025-03-26 15:14:48 GMT


Purpose: Signature

 Qualified Electronic Signature

EIRÍKUR HAUKESSON

2025-03-26 16:53:44 GMT

Purpose: Signature

 Qualified Electronic Signature

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

2025-03-26 17:19:50 GMT


Purpose: Signature

 Fullgild rafræn undirskrift

MARGRÉT HÓLM VALSDÓTTIR

2025-03-26 17:42:15 GMT

Ástæða: Undirskrift

 Fullgild rafræn undirskrift

ANDRI BJÖRGVIN ARNÞÓRSSON

2025-03-26 22:24:23 GMT

Ástæða: Undirskrift

 Qualified Electronic Signature

NÍELS GUÐMUNDSSON

2025-03-27 13:15:03 GMT

Purpose: Signature

